
Efnistaka í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 7. febrúar 2019 lögðu Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) fram frummatsskýrslu um efnistöku í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 1. mars 2019 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Bændablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 1. mars til 15. apríl 2019 á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Þann 27. maí 2019 lögðu ÍAV fram matsskýrslu og óskaði fyrirtækið eftir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með bréfi dags. 29. október 2019.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Efnistaka í Súlum og Stapafelli, Reykjanesi. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. ÍAV - EFLA verkfræðistofa, 7. febrúar 2019.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 29. apríl 2019.
- Reykjanesbæ með bréfi dags. 10. maí 2019.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja með bréfi dags. 5. apríl 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 1. apríl 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 2. apríl 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupóst dags. 22. mars 2019.

Matsskýrsla: Efnistaka í Súlum og Stapafelli, Reykjanesi. ÍAV - EFLA verkfræðistofa 27. maí 2019.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að ÍAV hyggist halda áfram núverandi efnisvinnslu í Súlum og Stapafelli til að mæta þörf fyrir malarefni á Reykjanesi og nágrenni. Námurnar eru á Reykjanesi miðju á sveitarfélagsmörkum Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar. Samkvæmt svæðisskipulagi Suðurnesja er efnisþörf á Suðurnesjum mikil til framtíðar, m.a. vegna áætlana um atvinnuuppbyggingu og stækkun íbúðabygginga. Efnistökusvæðið við Stapafell og Súlur auk efnistökusvæðis í Rauðamel verða að sögn megin efnistökusvæði fyrir sveitarfélög á Suðurnesjum.



Í Stapafelli og Súlum hefur verið stunduð efnistaka frá um 1950 og áformar framkvæmdaraðili að efnistaka verði stunduð til a.m.k. ársins 2038. Í Stapafelli er unnið bögglaberg, en það hentar mjög vel sem burðarhæft fyllingarefni undir vegi, götur og byggingar. Efnið er notað óunnið eða harpað í mismunandi kornastærðir. Í Súlum er unninn sandur í steypuframléiðslu, hálfuvarnir fyrir flugbrautir og sandur til að sanda með rorum og strengjum.

Í Stapafelli er gert ráð fyrir að taka 14.000.000 m³ af bögglabergi og úr Súlum er áætlað að taka sama magn af sandi. Áætlað er að í Stapafelli verði unnið niður í 30 m.y.s. en hæsti punktur Stapafells er um 79 m.y.s. Í Súlum er áætlað að vinnslan nái niður í 40 m.y.s. en hæsti punktur Súlna er 141 m.y.s. Bæði fellin munu hverfa og stallurinn sem að Súlum standa á mun lækka verulega.

2.1 Valkostir

Framkvæmdaraðili leggur ekki fram aðra kosti en núllkost og þann kost sem fjallað um í matsskýrslunni. Vinnsla efnis úr Stapafelli og Súlum hefur staðið yfir áratugum saman og mikið efni verið tekið þaðan. Með vinnslu efnis úr Súlum og Stapafelli er stuðlað að því að tryggja efni vegna uppbyggingarú atvinnuhúsnæðis, Keflavíkurflugvallar og stækkun íbúðarbyggða á Suðurnesjum. Mikilvægt er að fá efni sem ekki þarf að flytja langar vegalendir úr námu með tilskilin leyfi og að haga efnistöku á þann hátt að sem minnst áhrif verði á umhverfið.

Núllkostur, sem fæli í sér stöðvun á efnistöku úr Súlum og Stapafelli, leiðir til meiri efnistöku úr öðrum námum, líklega opnun á nýjum námum og hækkun á verði og styttingu á endingartíma annarra náma. Að teknu tilliti til hagkvæmni í vinnslu, fjarlægðar og hugsanlegra umhverfisáhrifa er efnistaka úr Súlum og Stapafelli einn besti kostur sem völ er á miðsvæðis á Reykjanesskaga og í stuttri fjarlægð frá Keflavíkurflugvelli, byggð á Reykjanesi og vesturhluta höfuðborgarsvæðisins.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu ÍAV er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og töflu 6.1 í matsskýrslunni. Í þessu álitinu notar Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið varanleg og óafturkræf.

3.1 Ástand grunnvatns

3.1.1 Vatnsverndarsvæði

Í matsskýrslu kemur fram að efnistökusvæði ÍAV í Súlum og Stapafelli sé innan fjarsvæðis vatnstökusvæðisins í Lágum. Aðkomuvegir að efnistökusvæðinu frá Grindavíkurvegi og Hafnavegi liggja um sama fjarsvæði vatnsverndar. Jarðvatnsaðstæður á svæðinu séu um margt sérstakar. Ofan á söltum jarðsjó er ferskvatnslag, misþykkt eftir aðstæðum. Vatnstökusvæði HS Veitna í Lágum er staðsett skammt austan við Stapafell og sér það stórum hluta Suðurnesja fyrir neysluvatni. Þar er ferskvatnslagið um 40 metra þykkt og nær niður á um 58 metra dýpi.

Mótvægisáæðgerðir

Í matsskýrslu ÍAV er ekki lögð fram vöktun vegna mögulegra áhrifa á vatnsgæði grunnvatns á svæðinu.



Fram kemur í matsskýrslu að grunnvatnsgeymum á svæðinu sé ekki mikil hættu búin af efnistöku í Stapafelli. Engar olíubirgðir séu geymdar á staðnum, fyrir utan 1.500 lítra tank, sem geymdur sé á svæðinu sem neyðarbirgðir. Í vinnubúðunum er geymsluskúr þar sem geymd eru spilliefni, eins og smurólía, glussi og rúðuhreinsivökvi.

Fram kemur að vinnuvélum sé vel viðhaldið til að draga úr líkum á mengunarslysi. Komið verði upp viðeigandi lekavörnum á svæðinu í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda, til að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verða. Starfsfólki á svæðinu verði kynntar öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit.

Niðurstaða ÍAV um áhrif á grunnvatn

ÍAV telja að áhrif framkvæmdarinnar á vatnsvernd séu óveruleg sbr. skilgreiningu á vægiseinkunn umhverfisáhrifa. Einnig er horft til þess að efnistaka hefur verið stunduð á svæðinu í áratugi án teljandi óhappa og engra áhrifa á grunnvatn orðið vart. Ef óhapp verður er unnið eftir þeim mótvægisáðgerðum sem hefur verið fjallað um hér að ofan.

3.1.2 Niðurstaða

Með hliðsjón af staðsetningu námunnar á fjarsvæði vatnsverndar er að mati Skipulagsstofnunar afar brýnt að rekstraraðilli hagi starfsemi á þann hátt að olíuefni eða önnur spilliefni berist ekki í jarðveg. Brýnt sé að skilyrði starfsleyfis séu á þann veg að lágmarka hættuna á því að mengunarslys verði, auk þess að viðbragðsáætlun og þjálfun starfsmanna sé á þann hátt að rétt og fljótt verði brugðist við mögulegum mengunaróhöppum.

3.2 Ásýnd og landslag

3.2.1 Mat ÍAV

Í matsskýrslu ÍAV kemur fram að efnistaka úr Stapafelli og Súlum hafi staðið yfir frá því um 1950 og mikið efnismagn hefur verið tekið á þeim tíma. Búið sé að raska mest öllu Stapafelli, af bæði Ístaki og ÍAV og öðrum aðilum sem á undan þeim komu. ÍAV eru einnig að vinna í Súlum og munu Súlor hugsanlega einnig hverfa að mestu þegar efnistöku lýkur, en efnisvinnslusvæðið er um 82 ha að stærð. Svæðið sé því mikið mótað af efnistöku auk þess sem gerðir hafa verið slóðar og vegir um svæðið og háspennulínur liggja þar um.

Fram kemur að landslag á svæðinu teljist ekki hafa sérstöðu hér á landi eða á alþjóðavísu og sé ekki fágætt. Hluti svæðisins sé á náttúruminjaskrá nr. 106, Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg. Mörk svæðisins liggja um Lággar og Vörðugjá og þaðan þvert í gegnum Stapafell svo að stærstur hluti efnistökusvæðisins lendir innan svæðis á náttúruminjaskrá. Áhrif framkvæmdar á sérstöðu/fágæti landslags myndi teljast minniháttar, með tilliti til þess að nú þegar er búið er að raska svæðinu að stærstum hluta. Stapafell og Súlor eru móbergsmýndanir og að mestu byggðar upp úr bólstrabergi sem myndaðist við gos undir jökli. Bólstraberg er mjög algengt á Íslandi.

Mótvægisáðgerðir

ÍAV í samráði við viðeigandi sveitarfélög og stofnanir, áforma að ráðast í frágang á svæðinu þegar efnistöku líkur. Lagt er upp með að ganga frá yfirborði í samræmi við umhverfið í kring. Flýtt verði fyrir landnámi grenndargróðurs ásamt því að hindra vatns- og vindrof. Gróðursérfræðingur verður hafður með í ráðum þegar farið verður í frágang á svæðinu.

Fram kemur að við frágang verði leitast við að nýta svæðið sem áningarstað/útivistarsvæði og tengja við Árnastíg og Skipsstíg sem fara rétt austan við svæðið.



Niðurstaða ÍAV um áhrif á ásýnd og landslag

ÍAV telja að bein áhrif áframhaldandi efnistöku ná ekki yfir umfangsmikið svæði. Sýnileiki námunnar eins og hún er núna er töluverður og mun áframhaldandi efnistaka ekki breyta því. Samlegðaráhrif efnistökkunnar í heild sinni gætu orðið þau að bæði Súlur og Stapafell hverfa. Þá verður ásýndin allt önnur en hún er í dag, landslagið verður flatara og líkara landslaginu í kring.

Horft er til þess að mjög lítið er um umferð í næsta nágrenni og úr fjarlægð verður erfitt að átta sig á umfangi rasksins. Sjónræn áhrif teljast því staðbundin, varanleg og óafturkræf og talsvert neikvæð.

3.2.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu ÍAV

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að efnistaka í Súlum og Stapafelli mun valda töluverðum breytingum á landslagi/jarðmyndunum þegar fram líða stundir og vegast þar á sjónarmið um verndun landslags og jarðmyndana og þess að hafa efnistökusvæði eins fá og mögulegt er. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að samráð verði haft við fagstofnanir um hvernig skuli staðið að vernd hluta jarðmyndana á svæðinu til framtíðar.

3.2.3 Niðurstaða

Verulegra áhrifa efnistöku gætir nú þegar á ásýnd og landslag Stapafells og Súlna. Fellin eru ekki há en standa á flatlendi utarlega á Reykjanesskaganum og ber talsvert á þeim úr nokkurri fjarlægð. Það efnisnám úr námunum tveimur sem hefur verið stundað í áratugi hefur lækkað fellin talsvert frá því sem var áður en efnistaka hófst og valdið varanlegum og óafturkræfum breytingum á umhverfi Stapafells og Súlna. Samkvæmt áformum framkvæmdaraðila um efnistöku munu fellin hverfa. Það er því niðurstaða Skipulagsstofnunar að samlegðaráhrif efnistökkunnar úr námunum tveimur muni hafa talsvert neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Í matsskýrslu hefur verið greint frá því að stefnt sé að því að aðlaga svæðið að formum í næsta umhverfi þegar gengið verður frá því við lok efnistöku. Skipulagsstofnun telur að slíkan frágang þurfi að skipuleggja frá byrjun í samráði við fagstofnanir og hefjast strax handa við að forma þau svæði sem ekki verða notuð frekar. Þar með verða opin röskuð svæði sem minnst að umfangi á rekstrartíma námunnar.

3.3 Náttúruminjar og jarðmyndanir

3.3.1 Mat ÍAV

Í matsskýrslu ÍAV kemur fram að Reykjanesskagi sé hluti af eldvirku rekbelti sem gengur undir nafninu SV-rekbeltið eða vestara rekbeltið. Flóknar hreyfingar jarðskorpufleka og hrinubundinnar eldvirkni stýra uppbyggingu jarðlaga á skaganum. Eldvirkni hefur verið viðvarandi á Reykjanesskaga og norðan hans alla ísöldina, bæði á jökul- og hlýskeiðum, en flestar yfirborðsmyndanir skagans eru frá tveimur síðustu jökulskeiðum og hlýskeiðum eins og má sjá á fjölmörgum móbergs- og grágrýtisjarðlögum á svæðinu. Núverandi og fyrirhugað efnistökusvæði er móbergsmýndun og er að mestu byggð upp úr bólstrabergi sem myndaðist við gos undir jökli. Bólstraberg sé algengt á Íslandi og bergið í Stapafelli hefur lítil sem engin áhrif á forsendur verndargildis svæðisins. Svæðið sé þegar að mestu raskað, og er því ekki verið að spilla óröskuðu landi. Vinnubúðir og öll efni sem geymd eru á svæðinu eru utan við svæði á náttúruminjasrá.

Mótvægisaðgerðir

Fram kemur í matsskýrslu að ekki þyki nauðsynlegt að leggja til mótvægisaðgerðir til þess að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir. Náman hafi verið mikið notuð sem rannsóknarstaður fyrir jarðvísindamenn og nemendur og hafi mikið fræðilegt gildi. ÍAVmuni sjá til þess að varðveita hluta af jarðmyndunum með því að gera dæmigert snið í gegnum myndunina á ákveðnu svæði.



Niðurstaða ÍAV um áhrif á náttúruminjar og jarðmyndanir

Fram kemur að með hliðsjón af viðmiðum um náttúruminjar og jarðmyndanir, einkennum áhrifa sem m.a. eru neikvæð og óafturkræf en taka ekki til umtalsverðs svæðis, er það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verði talsvert neikvæð.

3.3.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu ÍAV

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að hluti þess svæðis sem um ræðir er á náttúruminjaskrá nr. 106 Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg. Þar er stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hinsvegar sé vandséð hvert verndargildi Stapafells og Súlna sé eftir áratuga efnistöku og annað rask.

Efnistakan fari fram í móbergsmyndun sem sé við jaðar svæðis á náttúruminjaskrá eins og fyrr segir. Slíkar myndanir eru algengar hérlendis en fágætar á heimsvísu og því ábyrgð falin í varðveislu slíkra jarðmynda. Búið er að raska stórum hluta þess svæðis sem fyrirhugað er að nýta með efnistöku, akstri utan vega, slóða og vegagerð. Fyrirhugað vinnslusvæði er að litlu leyti inn á vernduðu svæði en inn á því svæði er ekki að finna jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þó mögulega hafi þær jarðminjar sem búið er að raska, notið sérstakrar verndar sbr. fyrrnefnda 61. gr.

Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistöku í Stapafelli og Súlum séu að mestu fram komin. Jarðmyndanir séu það skertar eftir efnistöku að fjallið hefur lítið verndargildi sem slíkt.

3.3.3 Niðurstaða

Efnistaka ÍAV mun hafa varanleg, óafturkræf neikvæð áhrif á þær jarðmyndanir sem verða fjarlægðar. Þó svo að móbergsmýndanir séu útbreiddar á Íslandi, eru þær fágætar á heimsvísu. Efnistakan er úr móbergsmýndun sem stjórnvöld hafa markað stefnu um að forgangsmál sé að vernda sbr. stefnumörkun um *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*. Hinsvegar hefur verið stunduð efnistaka úr þessum jarðmyndunum í áratugi og umhverfisáhrif efnistökkunnar á þær að mestu komin fram. Áframhaldandi veruleg efnistaka mun þó að sjálfsögðu hafa enn neikvæðari áhrif á jarðmyndanirnar heldur en nú er raunin. Stofnunin tekur undir áform um að varðveita snið í gegnum jarðmyndunina þannig svæðið geti áfram þjónað sem fræðslusvæði fyrir nemendur og jarðvísindamenn.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er gert ráð fyrir efnistöku í Stapafelli og Súlum. Þar er jafnframt tilgreint að sveitarfélög skuli skilgreina frágang námasvæða í leyfisveitingum og athuga hvort hægt sé að nýta frágengin efnistökusvæði til útivistar.

Einnig er gert ráð fyrir efnistöku í Stapafelli í Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 og Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024. Í aðalskipulagi beggja sveitarfélaga er tilgreint að á svæði ÍAV í Stapafelli sé gert ráð fyrir að vinna u.þ.b. 7 milljónir m³ og á svæði Ístaks 1-1,3 milljón m³. Þau framkvæmdaáform sem ÍAV hafa kynnt við mat á umhverfisáhrifum eru talsvert umfram skilgreint efnismagn skv. skipulagi. Gæta þarf við gerð deiliskipulags og leyfisveitingar til efnistöku á svæðinu, að samræmi verði á milli þess magns sem áform eru um að nýta og heimilt sé að nýta skv. aðalskipulagi. Verði áformað að vinna meira efni á svæðinu en aðalskipulag gerir ráð fyrir, kallar það á breytingu á aðalskipulagi áður en gengið er frá deiliskipulagi og leyfisveitingum.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag af efnistökusvæðinu í Stapafelli og Súlum. Skipulagsstofnun telur að leyfisveitingar til svo umfangsmikillar og langvarandi efnistöku þurfi að byggja á deiliskipulagi.



Jafnframt minnir stofnunin á að afmörkun deiliskipulags skal jafnan miða við að deiliskipulag taki til svæðis sem myndar heildstæða einingu. Í tilviki Stapafells og Súlna, telur stofnunin að vinna beri eitt deiliskipulag fyrir alla efnistöku á fyrrnefndu svæði sem Grindavíkurbær og Reykjanesbær þurfa að standa að sameiginlega. Í deiliskipulagi svæðisins verði mörkuð stefna um frágang og uppgræðslu svæðisins, auk þess sem þar verði gert ráð fyrir sýningarstað á sniði jarðmyndunar.

Efnistaka ÍAV er háð framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerðum losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu ÍAV sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif efnistöku ÍAV í Stapafelli og Súlum á Reykjanesi felist í varanlegum og óafturkræfum áhrifum á landslag og jarðmyndanir. Brýnt er að huga að frágangi á svæðinu í verklok til að jafna út ummerki eftir efnistöku og forma landið eftir því sem mögulegt er að því náttúrulega umhverfi sem umlykur efnistökusvæðið, auk þess að sjá til þess að leifar af jarðmynduninni þjóni áfram því hlutverki að vera fræðslustaður fyrir nemendur og jarðvísindamenn.

Efnistökusvæðið er á vatnsverndarsvæði og er umhverfi þess þakið ungum hraunum sem eru mjög gropin. Reglubundinn rekstur námunnar er ekki talinn líklegur til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn. Brýnt er að í leyfum og við námureksturinn verði allri starfsemi hagað á þann hátt að mengunarefni á borð við olíu berist ekki í jarðveg, auk þess að til staðar verði viðbragðsáætlun um það hvernig skuli bregðast við ef mengunaráhöpp eiga sér stað.

Stapafell er á jaðri svæðis á náttúruminjaskrá og innan þess er m.a. að finna jarðhitasvæði, gígaraðir, fuglabjarg og hverasvæði. Efnistaka úr Stapafelli fer fram í móbergsmýndun og þó svo móbergsmýndanir séu útbreiddar á Íslandi eru þær fágætar á heimsvísu og hafa stjórnvöld markað stefnu um að það sé forgangsmál að vernda þær. Í þessu tilviki eru neikvæð áhrif á móbergsmýndunina að mestu leyti fram komin eftir áratuga efnisnám á svæðinu. Sú viðbót sem hér er til umfjöllunar mun hafa óveruleg áhrif á náttúruminjar en talsvert neikvæð á jarðmyndanir.

Reykjavík, 19. febrúar 2020.

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson